

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 189 (17.8.2026) - Umsókn um framkvæmdaleyfi, vegslóði og bílastæði út á sanda

Málsnúmer : 202604196
Málsaðili : Hafnir Múlaþings
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 17.08.2026

Inngangur : Á 188. fundi umhverfis- og framkvæmdaráð var afgreiðslu grenndarkynningar frestað, en ráðið óskað eftir því að fá umsagnir frá Isavia innanlandsflugvöllum ohf. og Norlandair vegna notkunargildis flugbrautarinnar með hliðsjón af hlutverki hennar til sjúkraflutninga.

Umsagnir beggja aðila liggja nú fyrir. Málið er því lagt fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð að nýju til afgreiðslu. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til fyrirhugaðrar framkvæmdar, með hliðsjón af athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu og fyrirbyggjandi umsögnum Isavia Innanlandsflugvalla ohf. og Norlandair.

Niðurstaða : Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Umhverfis- og framkvæmdaráð hefur farið yfir þær athugasemdir sem bárust við grenndarkynningu framkvæmdarinnar og eins umsagnir Isavia Innanlandsflugvalla ohf. og Norlandair.

Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar fyrir ábendingar um örnefni og mun taka þær til greina við frekari umfjöllun svæðisins.
Ráðið vísar erindinu til heimastjórnar á Djúpavogi að nýju til frekari umsagnar þess efnis hvort ráðast eigi í nýjan vegslóða.
Samþykkt samhljóða.